

Góðan daginn.

Neðangreindar tillögur til þingsályktunar voru teknar fyrir á fundi bæjarráðs Fljótsdalshéraðs 22. janúar sl. og var eftirfarandi fært til bókar:

**201401016 - Tillaga til þingsályktunar um flutning stjórnarsýslu um málefni hreindýra**

Lagður fram tölvupóstur frá Alþingi, dagsettur 6. janúar 2014, með umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um flutning stjórnarsýslu um málefni hreindýra.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Bæjarráð lýsir stuðningi við þær tillögur sem þar koma fram um að málefni er varða hreindýr verði aftur flutt til hreindýraráðs og starfsemi þess verði þar með eflað á Egilsstöðum og Austurlandi. Stjórnun þessara mála hlýtur að byggja mikið á staðbundinni þekkingu og reynslu og því mikilvægt að yfirumsjón þeirra sé sem næst dvalar- og veiðisvæði hreindýranna.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**201401023 - Tillaga til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs**

Lagður fram tölvupóstur frá nefndarsviði Alþingis, dagsettur 6. janúar 2014, með umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs.

Bæjarráð mun ekki veita sérstaka umsögn um þingsályktunartillöguna.

Ofangreindu er hér með komið á framfæri.

Fh. Fljótsdalshéraðs

Stefán Bragason skrifstofustjóri.